

3. desember 1998

## Minnisblað

Til: Efnahags- og viðskiptanefndar  
og fjárlaganefndar Alþingis  
Frá: fjármálaráðuneytinu  
og samgönguráðuneytinu

Með lögum nr. 68/1996, sem breyttu lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, var gerð töluverð breyting á reglum er giltu um endurgreiðslu til sérleyfishafa. Áður fengu sérleyfishafar endurgreiddan 70% þungaskatts sem grundvallaðist á akstri á leiðum sem sérleyfi þeirra tók til. Við ákvörðun endurgreiðslu var miðað við að allur aksturinn hafi farið fram á bifreiðum sem eru 15 – 15,9 tonn, burt séð frá því hversu stórar bifreiðarnar voru sem ekið var. Eftir breytingu miðast endurgreiðslan við raunverulega þyngd þeirra bifreiða sem ekið er hverju sinni.

Nokkuð hefur verið um að þeir aðilar sem eru í samkeppni við sérleyfishafa, s.s. hópferðaleyfishafar og leigubifreiðastjórar hafi kvartað undan ákvæðum sem veita sérleyfishöfum rétt til endurgreiðslu á 70% þungaskatti. Hópferðaleyfishafar hafa þó verið sammála því að styrkja beri óarðbærar sérleiðir, þar sem nauðsynlegt er að halda úti samgöngum í hinum dreifðu byggðum landsins, en ekki að styrktar séu arðbærar leiðir.

Samkeppnisráð tók fram í álitinu sínu nr. 1/1998, að það samræmist vart samkeppnislögum að niðurgreiða akstur sérleyfishafa með þeim hætti sem nú er gert. Ráðuneytin vilja þó taka fram að endurgreiðslur eða styrkir í einstaka tilvikum þurfa ekki að brjóta í bága við samkeppnislög þegar fjármagninu er varið til þess að halda uppi lágmarkssamgöngum á leiðum sem ekki eru arðbærar.

Lagt er til að ákvæði um endurgreiðslur til sérleyfishafa verði felld brott úr lögum um fjáröflun til vegagerðar, en þess í stað bætist við viðfangsefni nr. 10-211-1.11 undir Vegagerðinni undir heitinu “styrkur til sérleyfishafa” í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1999. Þessi liður hljóðar nú upp á 20 m.kr. en mun við þessa breytingu hækka um 34 m. kr. og verður 54 m.kr. Jafnframt er lagt til með hliðsjón af ofangreindu að “skattar á vörur og þjónustu”, liður 5.2.1.5.5 “þungaskattur”, hækki úr kr. 3.507 m.kr. í 3.541 m.kr. Þá er gert ráð fyrir að Vegagerðin annist úthlutun umræddra styrkja með tilliti til aksturs og stöðu einstakra sérleiða í samgöngukerfinu. Við úthlutun fjárens skal Vegagerðin fyrst um sinn hafa hliðsjón af áður gildandi ákvæðum 3. gr. reglugerðar nr. 593/1987 um þungaskatt, en þar er kveðið á um að styrkurinn skuli miðast við bifreiðir sem eru 15.0-15.9 tonn að leyfðri heildarþyngd og nýttar eru í sérleyfisferðum.

Það skal tekið fram að hér er í engu hróflað við reglum um akstur í áætlunarferðum almenningsvagna í þéttbýli.

Með hliðsjón af framansögðu er gerð breytingartillaga við II. kafla í frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum. Við II. kafla frumvarpsins bætist því ný grein er orðast svo:

x. gr.

Lokamálsliður 3. mgr. B-liðar 4. gr. laganna fellur brott.

